

Fundargerð stjórnar SOS

Stjórnarfundur nr. 269, staður: SASS, Austurvegur 56, Selfossi.

Dagsetning og tími: 13. september, kl. 18.00

Mættir voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), Eggert Valur Guðmundsson (EVG), Raket Sveinsdóttir (RS), Jón G. Valgeirsson (JGV) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá sat fundinn Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS og Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Environice tók þátt í fundarumræðu að hluta í gegnum síma (liður 2).

1. Aðalfundurinn 18. -19. okt nk. í Hveragerði.

JVG kynnti drög að dagskrá aðalfundar SOS og þá fundi og vinnu sem stjórn þarf að klára fyrir fund. JVG og Bjarna Guðmundssyni, framkvæmdastjóra SASS, var falið að halda áfram frekari undirbúningi en stjórn mun síðan koma saman á ný fljótlega, til að klára yfirlegu gagna o.fl.

2. Yfirlit um rekstur SOS.

Lagðar voru fram upplýsingar um rekstur ársins út ágúst 2018 en þar mátti helst sjá að tekjur SOS eru ekki að aukast í takt við aukningu á magni úrgangs. Umræður voru um það viðvarandi vandamál að erfiðlega gangi að fá upplýsingar frá gámaþjónustum um magn. Stjórn sammæltist um að skoða leiðir til að tryggja að SOS og sveitarfélög á Suðurlandi, geti treyst því að upplýsingar sem til þeirra berast, séu réttar. Þá var Bjarna Guðmundssyni falið að skoða útfærslur til skoðunar á mögulegum breytingum eða hækkun gjaldskrár.

3. Nessandur – staða á viðræðum við Sveitarfélagið Ölfus.

Farið var yfir þær staðsetningar sem listaðar hafa verið upp sem valkostir fyrir urðunarstað á Suðurlandi fyrir óvirkan úrgang og ákveðið að óska formlega eftir afstöðu bæjarstjórnar Ölfuss um urðunarstað á Nessandi eða í Kirkjuháleigu.

4. SSH/Sorpa – til kynningar.

Stjórn SOS mætti á samráðsfund sem haldinn var í Álfsnesi þann 11. september sl, þar sem staðan var tekin á því hvar „fjórhlólasamstarfið” svo kallaða staði og hugsanlegan ávinning sveitarfélaga á Suðurlandi af því samstarfi.

5. Valkostagreining á urðunarstöðvum.

Umræða fór fram um hvernig staðið verður að frekari greiningu valkosta fyrir urðunarstað á Suðurlandi, ef Nessandur kemur ekki til greina. JVG falið að leita til þeirra sérfræðinga sem helst hafa starfað að tengdum verkefnum fyrir stjórn SOS.

6. PureNorth Recycling – afnot af Kirkjuferjuháleigu.

Beiðni hefur borist frá PureNorth Recycling um afnot af Kirkjuferjuháleigu fyrir millilager um tíma. Ákveðið var að óska eftir frekari upplýsingum um verkefnið, s.s. tímabil sem um ræðir, magn, endurgjald á þjónustu, frágang o.fl.

7. Önnur mál.

Önnur mál voru ekki rædd.

Næsti stjórnarfundur varð ákveðinn þann 1. október nk. kl.16.00 í húsakynnum SASS á Selfossi.